



Fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd

FUNDUR – 23. júní 2004

Fundur haldinn í fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd þriðjudaginn 23. júní 2004 kl. 18:00 í grunnskólanum.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál.
2. Önnur mál.

Gísli formaður setti fundinn og gaf Helga skólastjóra orðið.

Afgreiðslur:

1. Helgi skólastjóri kom með tillögu um ráðningu Kristínar Gunnarsdóttur í stöðu aðstoðarskólastjóra næsta skólaár í stað Þórhöllu Guðbjartsdóttur sem leysir Helga af vegna ársleyfis. Tillagan var rædd og samþykkt af fundarmönnum.

Varðandi önnur starfsmannamál, var auglýst öðru sinni eftir; heimilisfræðikennara í hálf starf, sérkennara, stærðfræðikennara í hálf starf, list- og verkgreinakennara í hálf starf síðastliðinn sunnudag og er sá umsóknarfrestur ekki liðinn.

2. Búið er að útbúa útboðsgögn vegna útboðs skólamáltíða fyrir næstu þrjú skólaár. Útboðið var auglýst í Glugganum í dag og skal skila inn útboðsgögnum fyrir klukkan 15:00 miðvikudaginn 14. júlí næst komandi. Gísli kynnti útboðsgögnin fyrir fundarmönnum.

Helgi kynnti fyrir nefndarmönnum verkefni sem fólst í að skrá ágríp af sögu Grunnskólans á Blönduósi og unnið var af Þórarni Torfasyni. Þórarinn vann þetta verkefni veturinn 2003 – 2004 af miklum metnaði. Skólastjóri leggur til að útgáfunni verði komið í viðeigandi búning og taka nefndarmenn undir það. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með framtakið og færir Þórarni þakkir fyrir vel unnið verk.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15

Gísli Guðmundsson
Helgi Arnarson
Þórhalla Guðbjartsdóttir

Árný Þ. Árnadóttir
Margrét Einarsdóttir

